

Alþingi
Erindi nr. P 126/1622
komudagur 22.3.2001

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

22. mars 2001

Tilvísun: 2001030043


Umsögn um frumvarp um sölu á hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.

Vísað er til bréfs yðar, dags. 16. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, með síðari breytingum, 521. mál. Í frumvarpinu er lagt til að heimilt verði að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf., en samkvæmt núgildandi lögum eru því takmörk sett, án heimildar Alþingis.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frumvarpið samþykkt og söluheimild nýtt, mun það ekki fela í sér breytingar á skyldum eða hlutverki Fjármálaeftirlitsins í eftirliti gagnvart bönkunum tveimur. Breytt eignarhald kallar þó á aukið eftirlit með þeim sem eignast kunna virka eignarhluti í bönkunum og meðferð þeirra á hlut sínum. Frumvarp sem gerir ráð fyrir ítarlegri ákvæðum um eftirlit með virkum eignarhlut í fjármálafyrirtækjum liggur nú fyrir Alþingi. Ef vel tekst til geta breytingar á eignarhaldi bankanna leitt til virkara aðhalds að hálfu hluthafa, en slíkt aðhald getur unnið með þeim hagsmunum sem Fjármálaeftirlitinu er ætlað að vernda.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson